

Forstöðumaður Áhættumats- og gæðasviðs

Landbúnaðarstofnun óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf forstöðumanns Áhættumats- og gæðasviðs, en viðkomandi er jafnframt gæðastjóri stofnunarinnar. Um er að ræða krefjandi starf á nýju sviði.

Helstu verkefni:

- **Gæðastjórnun** - Yfirumsjón með árangurs- og gæðastjórnun stofnunarinnar ásamt uppbyggingu og viðhaldi á gæðahandbók.
- **Áhættumat** - Yfirumsjón með verkefnum stofnunarinnar vegna vinnu við eftirlitsáætlanir og samstarf við aðrar stofnanir vegna nýrrar eftirlitslöggjafar.
- **Innri úttektir** – Innra eftirlit með starfsemi stofnunarinnar í samræmi við gæðahandbók og lögbundnar kröfur.
- **Súnur** – Fylgja eftir málum þegar upp koma sjúkdómar sem geta borist milli dýra og manna (súnur) og samhæfa þarf störf opinberra aðila sem málið varðar.
- **Önnur verkefni** – Samstarf við umdæmisskrifstofur stofnunarinnar, vinna við gjaldskrármál í tengslum við áhættumat og önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af gæðastjórnun í opinberu starfi og úr einkageiranum
- Reynsla af opinberum eftirlitsstörfum á sviði matvæla og/eða dýraheilbrigðis
- Þekking á áhættumati og súnnum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulags- og samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á töluðu og rituðu máli, íslensku, ensku og einu norðurlandamáli

Gæðastjóri mun starfa á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi. Hann er hluti af stjórnendateymi stofnunarinnar ásamt forstjóra og öðrum forstöðumönnum. Landbúnaðarstofnun leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfs og launa.

Áhættumats- og gæðasviði Landbúnaðarstofnunar er ætlað að sinna ýmsum þverfaglegum málefnum sem varða hlutverk stofnunarinnar og ekki síst störf umdæmisskrifstofa og eftirlitssviða hennar, þ.e. dýraheilbrigðisviðs og matvæla- og umhverfissviðs. Stofnunin hefur 14 umdæmisskrifstofur um allt land.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Gíslason, forstjóri (jon.gislason@lbs.is) eða Hafsteinn Hannesson, starfsmannastjóri (hafsteinn.hannesson@lbs.is), í síma 530-4800. Umsóknnum ásamt ferilskrá og öðrum nauðsynlegum upplýsingum skal skilað til Landbúnaðarstofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum “Forstöðumaður - Gæðastjóri” eða með tölvupósti á lbs@lbs.is. Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2007. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Landbúnaðarstofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti og þjónustu við íslenskan landbúnað, fyrirtæki og neytendur. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að öryggi matvæla og neytendavernd, standa vörð um heilbrigði dýra og plantna, stuðla að aukinni velferð dýra, hafa eftirlit með áburði, fóðri, sáðvöru og veiði í ám og vötum, sinna stjórnsýslu vegna kjótmats, lífrænnar matvælaframleiðslu, almenns búfjárefirlits og búvara. Starfsmenn eru um 60 talsins. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu stofnunarinnar, <http://www.lbs.is>.